

*Sent í samráðsgátt*

Reykjavík, 2. apríl 2023

Matvælaráðuneytið  
Skrifstofa matvæla

**Efni: Umsögn um drög að gjaldskrá Matvælastofnunar, mál nr. 51/2023.**

Bændasamtök Íslands leggjast alfarið gegn því að drög að gjaldskrá þessari taki gildi. Hafa Bændasamtökin og Samtök fyrirtækja í landbúnaði sameiginlega, með bréfi dags. 31. mars sl., farið fram á það við Matvælaráðuneytið að málið verði dregið til baka.

Um er að ræða grundvallarbreytingu á innheimtu eftirlitsgjalda sem felur í sér gríðarlegan kostnaðarauka fyrir atvinnugreinina. Rétt er þessu tengt að vitna til nefndarálits meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2023 en þar segir m.a.: *Meiri hlutinn bendir á að rekstrarumhverfi búvöruframleiðslu er kvíkt, í kjölfar heimsfaraldurs og stríðsátaka. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar á liðnu ári hafa verið umtalsverðar vegna þessa. Enn eru blikur á lofti og mikilvægt er að fylgjast áfram með þróun mála og beita markvissum aðgerðum vegna hagsmuna neytenda, bænda og íslensks matvælaiðnaðar. Þá beinir meiri hlutinn því til [ráðherra] að komið verði til móts við bændur vegna þessara hækkana. Í þessu tilfelli var um að ræða kostnaðarhækkun vegna aukinna áлага á heyrúlluplast sem metin er á um 100 millj. kr. á ársgrundvelli. Því má ljóst vera að sú hækkun sem boðuð er með drögum að gjaldskrá þessari er í andstöðu við vilja fjárveitingar valdsins.*

Þá verður að telja að með drögum að gjaldskránni verði gegnsæi og fyrirsjáanleiki í gjaldtöku minni en verið hefur. Jafnframt gætir verulegs ósamræmis í þeim tölum sem birtast í greinargerð með drögum þessum og þeim tölum sem lagðar voru til grundvallar í greinargerð með frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða opinbert eftirlit Matvælastofnunar (samræming gjaldtökuheimilda), þingskjal 682, 540. mál frá matvælaráðherra. Þrátt fyrir að í báðum tilfellum sé vitnað í sömu greininguna.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, lögfræðingur